



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 06.02.2020

Kl.: 12:30

Staðsetning: Samhæfingarstöð/Embætti landlæknis/Sóttvarnalæknir,

Óvissustig vegna kórónaveiru (2019-nCoV)

Lýsing á atburði

Í lok desember 2019 bárust fregnir af alvarlegum lungnasýkingum í Wuhan-borg í Kína. Í kjölfarið var staðfest að um áður óþekkt kórónaveirufbrigði er að ræða, sem nú kallast 2019-nCoV. Staðfest er að veiran smitast á milli manna og að hún getur valdið alvarlegum veikindum.

Á Íslandi er unnið samkvæmt óvissustigi, Landsáætlun- heimsfaraldur influensu. Ef svo ber undir má virkja Landsáætlun-sóttvarnir hafna og skipa, og Landsáætlun –alþjóðaflugvellir samhliða Landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu.

Enginn einstaklingur hefur enn sem komið er greinst á Íslandi.

Samantekt

- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra
- Embætti landlæknis / Sóttvarnalæknir. [Sjá upplýsingasíðu](#)
- Landspítalinn - smitsjúkdómadeild
- Heilsugæslahöfuðborgarsvæðisins
- Rauði Krossinn
- Landsbjörg
- Heilbrigðisstofnanir
- Heilsuvera
- Læknavaktin
- Flugsamgöngur um alþjóðaflugvelli og skipaumferð um skilgreindar hafnir
- Vegagerðin
- Samtök atvinnulífsins og sérstaklega SAF.
- Landhelgisgæsla Íslands
- Utanríkisráðuneytið
- Tollgæslan

Staða mála

Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag 6. febrúar 2020 hefur sýking af völdum 2019-nCoV verið staðfest hjá um 28.284 einstaklingum og um 564 einstaklingar hafa látist (2,0%). Eitt dauðsfall af völdum veirunnar varð á Filippseyjum sem er eina dauðsfallið enn sem komið er utan Kína. Samkvæmt [John Hopkins](#) hafa 1.230 einstaklegar náð sér eftir veikindin.

Tilfellin sem greinst hafa eru frá Kína (28.057), Taívan (11), Taílandi (25), Ástralíu (14), Malasíu (12), Singapúr (28), Japan (45), Suður-Kóreu (23), Víetnam (10), Nepal (1), Filippseyjar (3), Shrilanka (1), Kambodía (1), Indland (3), Sameinuðu arabísku furstadæmin (5), Frakklandi (6), Þýskaland (12), Finnland (1), Ítalía (2), Bretland (2), Rússland (2), Spánn (1), Svíþjóð (1), Belgía (1), Bandaríkjunum (12), Kanada (5). Lang flest tilfellin eru upprunnin í Kína. Af þeim 26 einstaklingum sem greinst hafa í Evrópu hafa 10 smitast innan Þýskalands og einn innan Frakklands.

SMS til farþega í flugi er lenda í KEF var virkjað 4. febrúar.

Ísland

- Staða mála er óbreytt. Enginn einstaklingur hefur greinst á Íslandi.
- Á stöðufundi sóttvarnalæknis með áhöfn samhæfingarstöðar almannavarna í morgun var rætt um áframhaldandi aðgerðir hér á landi og leiðir til að koma í veg fyrir að veiran berist hingað til lands.
- Á fundinum var rætt hvort talið er raunhæft að stöðva ferðamanna eða setja hópa ferðamanna frá Kína í 14 daga sóttkví þegar þeir koma til landsins. Er það talið afar erfitt í framkvæmd m.a. vegna þess að í hverjum mánuði eru hér þúsundir einstaklinga með kínverskt ríkisfang en auk þess má búast við að ferðamenn annara landa komi hingað til lands frá Kína. Á Íslandi er ekki tæknilega mögulegt að fá ýtarlegar upplýsingar um ferðaáætlanir þeirra sem koma með flugi til landsins. Því er erfitt að fylgjast með hvaðan ferðamenn koma. Einnig hefur Kína verið lokað nú um nokkurð skeið og því hefur hægt á straumi ferðamanna þaðan. Á hinum Norðurlöndunum hefur ekki verið farið fram ferðatakmarkanir eða sóttkví ferðamanna frá Kína. Aðeins er farið fram á 14 daga sóttkví einstaklinga sem sóttir hafa verið með sérstöku flugi utanríkisþjónustunnar. Það má því segja að varúðarráðstafanir íslenskra yfirvalda gangi lengra en þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til í nálægum löndum.
- Einstaklingar sem eiga heimili á Íslandi og koma til landsins frá Kína eru beðnir um að vera til öryggis í sóttkví alls 14 daga frá brottför frá Kína. Sjá hér leiðbeiningar sóttvarnalæknis [til einstaklinga í sóttkví](#) eða [einangrun í heimahúsi](#). Atvinnurekendur eru beðnir um að sýna slíkri fjarveru starfsmanna skilning.
- [Leiðbeiningar fyrir framlínustarfsmenn hjá stofnunum og fyrirtækjum](#) eru aðgengilegar á vef landlæknis. Hafa þær verið þýddar yfir á spænsku og pólsku að frumkvæði Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Ferðamálastofu, með aðstoð Samtaka atvinnulífsins. Verða þær birtar á vef landlæknis í dag. Í leiðbeiningunum er fjallað um smitleiðir og grundvallaratriði varðandi varnir, sem er almenn handhreinsun og/eða notkun handspritts. Einnig er útskýrt hvaða hlífðarbúnað skal nota og hvernig hann er notaður. Mikilvægt er að fara eftir leiðbeiningum til að koma í veg fyrir smit.
- Skv. borgaraþjónustu utanríkisráðuneytisins eru um 100 Íslendingar nú staðsettir í Kína en hluti þeirra er þar búsettur. Hjá sendiráði Íslands í Peking eru fjórir starfsmenn sem geta veitt aðstoð ef á þarf að halda. Sendiráðið hefur sett inn tilkynningar á samfélagsmiðla (sjá Facebook <https://www.facebook.com/utanrikisthjonustan/>) og vef þar sem fólki er bent á að skrá sig hjá borgaraþjónustunni á netfanginu help@mfa.is til að fá sendar upplýsingar. Engin áform eru uppi af hálfu íslenskra stjórnvalda um að flytja Íslendinga heim á skipulegan hátt.
- Á vef embættis landlæknis má nálgast margvíslega fræðslu, leiðbeiningar og upplýsingar fyrir almenning, heilbrigðisstarfsfólk, viðbragðsaðila og atvinnulífið. Upplýsingar eru uppfærðar og nýjar leiðbeiningar settar inn eftir þörfum. Sjá nánar <https://www.landlaeknir.is/koronaveira/>



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Samhæfir aðgerðir í samstarfi við embætti landlæknis / Sóttvarnalækni
Almannavarnastig er óbreytt: unnið er á óvissustigi- Landsáætlun um heimsfaraldur influensu.

Embætti landlæknis / Sóttvarnalæknir

Unnið að samhæfingu aðgerða og leiðbeiningum og efni fyrir almenning, heilbrigðisstarfsfólk, ferðaþjónustuna og atvinnulífið .

Landspítalinn

Situr daglega samráðsfundi SVL með samhæfingarstöð. Sýkingavarnadeild hefur sett upp próf til að hreina veiruna. Í dag hafa tíu einstaklingar verið rannsakaðir m.t.t. hinnar nýju kórónaveiru og var enginn þeirra með veiruna. Ekki er mælt með að taka sýni frá einkennalausum einstaklingum því slík sýni eru illa marktæk. Einungis er mælt með að taka sýni frá einstaklingum með einkenni sem benda til sýkingar af völdum veirunnar og einnig ef viðkomandi hefur verið á svæði þar sem veiran er algeng á undangengnum 14 dögum eða verið í nánú samneyti við einstakling með veiruna.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) / Heilsuvera.is

Umdæmis og svæðislæknar (Umd/Svæ)-SVL á höfuðborgarsvæðinu situr dagl. samráðsfundi með SVL.
Unnið að uppfærslu viðbragðsáætlana, upplýsingamiðlun og viðbúnaði.

Alþjóðaflugvellir, Keflavík, Akureyri, Egilsstaðir og Reykjavík. Sóttvarnahafnir.

Upplýsingum um stöðu mála er miðlað daglega af Isavia til starfsmanna flugvalla. Landhelgisgæslan sendir upplýsingar til erlendra skipa sem eru á leið til hafnar á Íslandi. Tollgæslan og Landhelgisgæslan fara yfir áhafnar og farþegalista þessara skipa þar sem einnig koma fram heilsufarsupplýsingar. Fyrsta skemmtiferðaskip ársins er væntanlegt til landsins í mars. Hafinn er undirbúningur að móttöku þess.

Ferðaþjónustuaðilar

Samráð við Ferðamálastofu sem dreifir upplýsingum í gegn um sína gagnagrunna til ferðaþjónustuaðila. SMS, símatextaskilaboð send til farþega sem lenda á Keflavíkurflugvelli. [Leiðbeiningar fyrir framlínustarfsmenn hjá stofnunum og fyrirtækjum](#) hafa verið þýddar yfir á spænsku og pólsku, að frumkvæði Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Ferðamálastofu, með aðstoð Samtaka atvinnulífsins. Verða þær birtar á vef landlæknis í dag.

Heilbrigðisstofnanir og lögregla á landsbyggðinni

Samráðsfundi SVL og lögreglustjóra umdæmanna sem vera átti í dag, var frestað til morguns.
Verður hann haldinn 07.02. Fjarfundur.

Læknavaktin

Símáþjónusta 1700. Fyrir erlend símanúmer +354 544-4113. • Símtöl hafa gengið vel. Miðlar upplýsingum og tryggir svörun 24/7. Hafa samráð við HH um að tryggja að gang að vakthafandi lækni á nóttunni. BMT í Fossvogi hefur tekið við slíkum erindum en í faraldri þarf að tryggja vitjun í heimahús allan sólarhringinn.

Rauði Krossinn

Þarfragreining v/einangrunaraðstöðu fyrir ferðamenn í hverju sóttvarnaumdæmi. Unnið í samvinnu við Landspítala. Rauði krossinn veitir sálfélagslegan stuðning við fjölskyldur sem eru í sóttkví. Virkjaður hefur verið samráðshópur áfallahjálpar sem skráir inn upplýsingar í aðgerðagrunn yfir stöðu mála.

Landsbjörg

Miðlar upplýsingum til ferðamanna á www.safetravel.is. Vinnur að því að skrá nýja aila inn í aðgerðagrunn SAR-EYE.